

d. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Hafi aðili sem notar almanaksárið sem uppgjörstímabil sætt áætlun virðisaukaskatts vegna undanfarins almanaksárs skal hann gera upp virðisaukaskatt næsta almanaksárs þar á eftir samkvæmt almennum uppgjörstímabilum, sbr. 1. gr. Skattstjóri skal tilkynna aðila um breytt uppgjörstímabil samkvæmt þessu ákvæði.

2. gr.

Í stað orðanna „uppgjör skv. 4. eða 5. mgr. 3. gr.“ í 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur: uppgjör skv. 4. mgr. 3. gr., uppgjör skv. lokamálslið 2. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðinu landbúnaðarskrá í 3. málsl. 1. mgr. kemur: og aðila í nytjaskógrækt skv. 2. málsl. 2. gr.
- b. Í stað orðanna „15. mars“ í 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. kemur: 5. febrúar.

4. gr.

4. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skattstjóri má aðeins samþykkja endurgreiðslu til skattaðila sem gera upp virðisaukaskatt skv. 3. gr. ef meðfylgjandi virðisaukaskattsskýrslu er afrit af ársreikningi eða hreyfingarlistar inn- og útskatts eða ljósrit af bókhaldshefti skv. 28. gr. reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

5. gr.

Orðin „eða 5.“ í 2. mgr. 15. gr. falla brott.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 24. og 1. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Ákvæði d-liðar 1. gr. og b-liðar 3. gr. gilda ekki um ársuppgjör virðisaukaskatts á árinu 1999 vegna viðskipta ársins 1998.

Fjármálaráðuneytinu, 17. febrúar 1999.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 78 30. janúar 1997.

1. gr.

36. gr., sbr. reglugerð nr. 533/1998, orðist svo:

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 60., 64., 64. gr. a og 67. gr. umferðalaga, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, svo og með hliðsjón af 1. og 45. f. tölul. I. hluta og 1. tölul. II. hluta II. viðauka við EES samninginn (tilskipun 70/156/EBE með síðari breytingum, síðast í tilskipunum 92/53/EBE, 93/81/EBE, 95/54/EB, 96/27/EB, 96/79/EB og

98/14/EB, tilskipun 92/61/EBE og tilskipun 74/150/EBE með síðari breytingum, síðast í tilskipun 97/54/EB).

EB gerðir sem vísað er til eru birtar í sérritunum EES gerðir S4, bls. 1-30 og S5, bls. 1-21, sbr. auglýsingu nr. 31/1993 í C-deild Stjórnartíðinda, í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfu, bók 2, bls. 297-387 og 517-518, og í EES viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 16. hefti 1997, bls. 1-74, 5. hefti 1998, bls. 1-40, 6. hefti 1999, bls. 90-136 og ... hefti 1999, bls. ... (óbirt hefti).

2. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. í viðauka, sbr. reglugerð nr. 291/1998, bætist: og síðari breytingum, síðast í tilskipun 98/14.

3. gr.

4. gr. í viðauka, sbr. reglugerð nr. 291/1998, breytist þannig:

- a. Á eftir 92/53 í 1. málsl. 1. mgr. komi: og síðari breytingum, síðast í tilskipun 98/14.
- b. Á eftir 92/53 í 2. mgr. komi: og síðari breytingum, síðast í tilskipun 98/14.

4. gr.

Við 5. gr. í viðauka bætist: og síðari breytingum, síðast í tilskipun 98/14.

5. gr.

Við 6. gr. í viðauka bætist: og síðari breytingum, síðast í tilskipun 98/14.

6. gr.

Við 7. gr. í viðauka bætist: og síðari breytingum, síðast í tilskipun 98/14.

7. gr.

Við 25. gr. í viðauka bætist ný mgr. sem orðast svo:

Áður en ökutæki sem ætlað er til að flytja hættulegan farm er skráð þannig skal ganga úr skugga um að það uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til slíks ökutækis. Skrá skal fyrir hvaða hættulegan farm ökutækið er viðurkennt, sbr. reglugerð um flutning á hættulegum farmi, og hvernig viðurkenningu á ökutækinu er háttað.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 60., 64., 64. gr. a og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. mars 1999.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. febrúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.